

# Hvers vegna grafa börn í moldarbörð?

Kynning á handbók um útikennslu og  
útikennsluverkefnum 5-6 ára barna

Anna Gunnbjörnsdóttir

# Viðfangsefni handbókar

- ❖ Fræðileg greinargerð
- ❖ Verkefnasafn/ kennsluhugmyndir

# Fræðileg greinargerð

## Útikennsla

- ❖ Aukinn áhugi - gildi útikennslu
- ❖ Niðurstöður rannsókna – þróunarverkefna
- ❖ Ávinningur af útikennslu

## Opinber stefnumörkun – námskrár

- ❖ Læsi og samskipti – Vísindi – Heilbrigði og vellíðan, Sköpun og menning

## Námskenningar

- ❖ Jean Piaget - Lev Vygotsky - John Dewey

## Markmið og tilgangur útikennslu

- ❖ Útikennsla er ákveðin aðferð til náms – umhverfið bæði kennslustofa og viðfangsefni.
- ❖ Útinám gefur kost á reynslu sem barnið getur ekki fengið inni í kennslustofu.
- ❖ Útinám gefur kost á að tengja nám úti, við nám inni í kennslustofu.
- ❖ Líklegt að börn nýti öll skilningarvitið betur í útinámi en inni í kennslustofu.
- ❖ Útikennsla býður upp á samþættingu námsgreina og hægt er að kenna nánast öll fög skólans úti, sem og að aðlaga áherslur námsskráa að útikennslu
- ❖ Útikennsla býður upp á fjölbreytta þjálfun sem ýtir undir aukna færni s.s. í samskiptum og samvinnu.

# Verkefnasafn

## ❖ **Opin græn svæði**

- ❖ Skógarlundur, fjara, grasflöt, mýri, tjörn, lækur, engi, holt, mói, hraun - klappir – litlir klettur og gamlar rústir með hleðslum

## ❖ **Orðaskjóða**

- ❖ Safnpoki fyrir hugmyndir og orð
- ❖ Sem er hægt að nýta til að tengja saman námssvið og námsgreinar.
- ❖ Tenging milli útikennslu og hefðbundinnar kennslu inni í skólastofunni.

## ❖ **Hjálpartæki**

- ❖ Kennsludúkur
- ❖ Stafræn myndavél og diktafónn (Ipad)
- ❖ Öryggisbúnaður – fyrsta hjálp, sími, flauta
- ❖ Rannsóknaráhöld sem henta viðfangsefninu
- ❖ Bækur og annað námsefni (t.d. greiningarspjöld)



# Kennsluverkefni

- ❖ Skógarverkefni
- ❖ Berjaverkefni
- ❖ Jurtaverkefni
- ❖ Pödduverkefni
- ❖ Veðurverkefni
- ❖ Fjöruverkefni

# Námskráin

## ❖ Náttúra og umhverfi:

- ❖ þar sem börnin skoða og rannsaka náttúruna og nánasta umhverfið á hverju svæði fyrir sig.

## ❖ Íslenska, málrækt, orðaforði og hugtakaskilningur:

- ❖ þar sem börnin læra ný orð og hugtök sem tengjast útiveru, jurtum, lífverum, trjám og örnefnum.

## ❖ Hreyfing:

- ❖ þar sem börnin fara í hreyfileiki á mismunandi undirlagi, æfa m.a. jafnvægi, klifra, hoppa og hlaupa.

# Námskráin

## ❖ Stærðfræði:

- ❖ þar sem börnin vinna m.a. með stærðir, mælingar, tölur og talnagildi, samanburð.

## ❖ Sköpun og listir:

- ❖ þar sem börnin semja sögur og ljóð, tónverk og læra lög og texta og búa til listaverk úr ýmsum náttúrutengdum efniviði.

## ❖ Áhuga, færni, virkni og þátttöku:

- ❖ þar sem kennarinn fylgist með hvort börnin hafa áhuga á viðfangsefnunum, hvort þau séu virk og taki þátt í því sem er verið að fást við og hvort þau auki færni sína í vinnu með viðfangsefnið.

# Fjöruverkefni

- ❖ Ferð í fjöru
- ❖ Úrvinnsla efnis úr fjörunni
- ❖ Dýrin í fjörunni
- ❖ Gróður og umhverfi fjörunnar
- ❖ Umgengni í fjörunni
- ❖ Fjörusteinar



# Ferð í fjöru

## ❖ Markmið

- ❖ Að börnin kynnist fjörunni.
- ❖ Að börnin átti sig á að sjórinn færir upp og niður fjöruna við sjávarföll, að stundum er sjór yfir öllu og stundum er sjórinn mun neðar og þá er fjaran stór.
- ❖ Að börnin læri ný orð og hugtök um sjávarföll, svo sem flóð og fjöru, aðdráttarafl, að falla að og fjara út.
- ❖ Að börnin njóti þess að vera í fjörunni.
- ❖ Að börnin fái áhuga á því sem þar er að finna.
- ❖ Að börnin æfist í að vinna með stærðir, hlutföll, magn og mynstur.

# Náttúra og umhverfi

- ❖ Umræður um að stundum sé fjara og stundum flóð og rætt um á hvaða tíma dags fjara er í Krossanesi, hvernig fjaran er, það helsta sem þar er að finna og hvaða leið er hentugast að fara í fjöruna.
- ❖ Þegar í fjöruna er komið sýnir kennarinn börnunum hvernig þau geta séð muninn á flóði og fjöru með því að setja merki á fjöruborðið (spýtu, staur, stein eða annað í undirlaginu) þegar það er að fjara út. Þá kemur í ljós hvað sjávarborðið lækkar mikið þegar fjarar út. Þegar fer að falla að aftur fer sjórinn yfir merkið (hvort sem það er spýta, staur, steinn eða eitthvað sem stendur upp úr sjónum).

# Náttúra og umhverfi

- ❖ Börnin skoða hvað hægt er að finna á yfirborði fjörunnar og velta fyrir sér hvort allir þessir hlutir eigi þar heima.
- ❖ Síðan leika börnin sér, skoða og rannsaka það sem í fjörunni er og safna í poka, fötur eða dollur því sem þeim finnst áhugavert og vilja taka með sér í skólann.
- ❖ Þegar í skólann er komið er fjallað um ferðina og athugasemdir og hugmyndir skráðar til að vinna með síðar.



# Sköpun og listir

- ❖ Í fjörunni skoða börnin umhverfi fjörunnar og athuga hvernig fjara þetta er, síðan búa þau til líkan af fjörunni með því að haldast í hendur og móta fjöruna með sjálfum sér. Í þessu tilfelli liggur fjaran í boga þannig að börnin mynda boga eða hálfhring. Síðan móta þau flóð og fjöru með því að sveifla höndum mishátt upp eða niður og framkalla ölduhljóð í leiðinni. Mynda hljóð sem heyrir, þegar aldan skellur á fjörusandinn, fjörusteinana og klettana með því að klappa á líkamann eða skella saman lófum.
- ❖ Börnin túlka sjávarnið og önnur hljóð sem eru í umhverfi fjörunnar, s.s. hljóð frá fuglum, einnig fléttast manngerð hljóð inn í viðfangsefnið eins og hljóð frá bátum og flaut frá skipum sem sigla inn fjörðinn, niður frá bílaumferð eða flugvélum, mannamál og hlátur.



# Sköpun og listir

- ❖ Börnin búa til sögu eða ljóð um ölduna sem myndast úti á hafinu og ferðast lengi þar til hún skellur á fjörunni og sogast aftur út á hafið.
- ❖ Börnin læra ljóðið *Fuglinn í fjörunni* (*Vísnaþókin*, 1983, bls. 67).
- ❖ Börnin læra að fleyta kerlingar á sjávaryfirborðinu með flötum fjörusteinum. Síðan yfirfæra þau viðfangsefnið í sandinn og búa til öldur í sandinum eins og steinn skoppi á þeim.
- ❖ Börnin teikna myndir í fjörusandinn.
- ❖ Börnin teikna spilið myllu í fjörusandinn og spila það með steinum eða skeljum.

# Hreyfing/leikir

## ❖ **Finum, finnum fjörugull: söngur í leik**

- ❖ Finnum, finnum fjörugull –  
lítið fallett fjörugull.  
Ýsu það við færur –  
ýsu það við færur.  
Svo skal ýsa snúa sér.

## ❖ **Hugmynd að nöfnum í leik:**

- ❖ Bláskel, beitukóngur, kræklingur, öðuskel, sandskel, olnbogaskel, hjartaskel, sandskel, hörpuskel, þangdoppa, klettadoppa, kuðungur, marfló, krabbi, kuðungakrabbi, trjónukrabbi, þari, þang, fjara, krossfiskur, ígulker, marglytta, rækja, ýsa, þorskur, karfi, hornsíli.

## ❖ **Ölduleikur 1**

- ❖ Börnin hlaupa eins langt út og aldan fellur og hlaupa svo undan og upp í fjöruna þegar hún kemur til baka.

## ❖ **Ölduleikur 2**

- ❖ Börnin hreyfa sig í takt við öldurnar. Stundum er lítil alda, stundum stór.

# Stærðfræði

- ❖ Börnin mæla og telja hvað eru mörg skref eða fet frá fjörubakka að fjöruborði. Þetta getur verið misjafnlega langt og fer eftir því hvort það er háfjara eða ekki.
- ❖ Börnin fylla fötu með nokkuð stórum steinum og bæta svo sandi við til að sjá t.d. hversu vel hægt er að nota allt plássið.
- ❖ Börnin búa til sandkastala og mæla stærðir, hæð og breidd og telja hve margar fötur af sandi fóru í kastalann.



# Menning og samfélag

- ❖ Kennarinn fjallar um mikilvægi þess efnis sem rak á fjörur, s.s. rekavið sem kom frá öðrum löndum og fólkið hér notaði til að smíða margskonar hluti, t.d. hús og báta og notaði viðinn sem eldivið til að hita upp húsin eða til að elda mat. Rætt er um frá hvaða löndum rekaviðurinn kom og af hverju hann kom til Íslands. Á þann hátt tengist sjórinn og fjörurnar menningu og samfélagi hvers staðar. Börnin geta búið til einhvern hlut úr rekaviði ef þau finna hann í fjörunni, þá kynnast þau hvernig viður þetta er og hvernig hann lítur út þegar hann er búinn að liggja lengi í sjónum.



# Mat á verkefnum

- ❖ **Kennari skráir og metur:**

- ❖ Áhuga, færni, virkni og þátttöku
- ❖ Þekkingu barna á viðfangsefninu

- ❖ **Börn skrá og meta:**

- ❖ Áhuga á viðfangsefninu og líðan á meðan á verkefninu stóð
- ❖ Börnin teikna, skrifa og segja frá eigin námi

**Hvers vegna grafa  
börn í moldarbörð?**

# Skíðadagur á Dalvík 1. júní 2013



Takk fyrir mig